Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.21.

Fylgiskjal 2.21.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2177

frá 9. desember 2021

um framkvæmd 9. gr. í reglugerð (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Viðauka Ia við reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er skipt út fyrir viðaukann við reglugerð þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2177/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 2.22.**Fylgiskjal 2.22.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2176**

frá 9. desember 2021

um breytingu reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 um að leggja á tilteknar,
sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta vopnasölubannið
varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Heiti reglugerðar (EB) nr. 1183/2005 er breytt í „Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005
varðandi
þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. (Efnisútdráttur).

FYLGISKJAL 1.21.**Fylgiskjal 1.21.****FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/1020**

frá 27. júní 2022

um framkvæmd ákvörðunar 2010/788/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

Viðauka II við ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt til samræmis við viðauka við ákvörðun þessa
(Efnisútdráttur).

VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/1020/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari
breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um
framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.22.**Fylgiskjal 1.22.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2241**

frá 14. nóvember 2022

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ		EVRÓPUSAMBANDSINS		HEFUR,
með	hliðsjón	af	sáttmálanum	um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
með	hliðsjón	af	tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,	
	og	að	teknu tilliti til	eftirfarandi:
1)	Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ(1) um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins		í	Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.
2)	Hinn 30. júní 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2641 (2022) um breytingu á viðmiðunum vegna tilgreiningar aðila og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í 9. og 11. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1807 (2008), taka til, auk gildissviðs skyldu um að tilkynna framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, sem var komið á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs			

Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004) („framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“) um sendingar á vopnum og tengdum hergögnum til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó eða veitingu tæknaðstoðar, fjármögnunar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu, sem tengist herstarfsemi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.

3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/788/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) afhendingu, sölu eða tilfærslu á óbanvænum herbúnaði, sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskygni, eða veitingu tæknilegrar aðstoðar og þjálfunar sem tengist slíkum óbanvænum búnaði,“.

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Nema að því er varðar starfsemi sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., skulu aðildarríki tilkynna fyrir fram til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, sem var komið á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004) („framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“), um veitingu hvers kyns tæknaðstoðar, fjármögnunar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu, sem tengist herstarfsemi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, eða sendingu eftirtalinna vopna og tengdra hergagna til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó:

a) allra gerða vopna með hlaupvídd allt að 14,5 mm og tengdra skotfæra,

b) sprengjuvarpa með hlaupvídd allt að 82 mm og tengdra skotfæra,

c) handsprengju- og eldflaugavarpa með hlaupvídd allt að 107 mm og tengdra skotfæra,

d) beranlegra loftvarnarkerfa (MANPADS),

e) stýrðra flugskeytakerfa til að granda skriðdrekum.

Í þessum tilkynningum komi fram öll viðeigandi vitneskja, þ.m.t., eftir því sem við á, um endanlegan notanda, fyrirhugaðan afhendingardag og ferðaáætlun sendingar.“

2) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 3. gr.:

„k) taka þátt í framleiðslu eða notkun á heimatilbúnum sprengjubúnaði í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, eða fremja, skipuleggja, skipa fyrir um, aðstoða við, hvetja til eða hjálpa á annan hátt við árásir með heimatilbúnum sprengjubúnaði í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).

FYLGISKJAL 1.23.

Fylgiskjal 1.23.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2377

frá 5. desember 2022

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 20. desember 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/788/SSUÖ(1).

2) Hinn 12. desember 2016 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2016/2231(2) til að bregðast við því að staðið hafði verið í vegi fyrir því að kosningar yrðu haldnar og við tengdum mannréttindabrotum í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Með ákvörðun (SSUÖ) 2016/2231 var ákvörðun 2010/788/SSUÖ breytt og innleiddar viðbótarþvingunaraðgerðir í 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2010/788/SSUÖ.

3) Í ljósi alvarleika ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó telur ráðið að breyta ætti viðmiðunum varðandi tilgreiningu í ákvörðun 2010/788/SSUÖ þannig að hægt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem hafa með aðgerðum sínum viðhaldið, stutt eða notið ávinninga af vopnuðum átökum, óstöðugleika eða óöryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.

4) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/788/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Beina skal þvingunaraðgerðum, sbr. 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr., gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem:

a) koma í veg fyrir friðsamlega lausn sem samkomulag ríkir um vegna kosninga í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t. með ofbeldisverkum, bælingu eða með því að hvetja til ofbeldis eða með því að grafa undan réttarrikinu,

b) eiga aðild að því að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem teljast vera alvarleg mannréttindabrot eða misbeiting í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó,

c) bera ábyrgð á því að viðhalda vopnuðum átökum, óstöðugleika eða óöryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó,

d) styðja einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í c-lið,

e) hvetja til ofbeldis í tengslum við aðgerðir sem um getur í b-, c- og d-lið,

f) færa sér í nyt vopnuð átök, óstöðugleika eða óöryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, m.a. með ólögmætri nýtingu eða viðskiptum með náttúruauðlindir og villtar lífverur,

g) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a-, b-, c-, d-, eeða f-lið, sbr. skrána í II. viðauka.“

2) Í stað fyrirsagnarinnar í II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Skrá yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem um getur í 2. mgr. 3. gr.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 5. desember 2022.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
M. KUPKA

(1) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).

(2) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/2231 frá 12. desember 2016 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336 I, 12.12.2016, bls. 7)

FYLGISKJAL 1.24.

Fylgiskjal 1.24.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2398

frá 8. desember 2022

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

Viðauka II við ákvörðun 2010/788/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa.

VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2022/2398/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list

FYLGISKJAL 1.25.

Fylgiskjal 1.25.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/2412

frá 8. desember 2022

um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ

um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

(1) Mgr. 2, í gr. 9, erskipt út fyrir eftirfarandi: 2. Aðgerðirnarsem vísað er til í gr. 3(2)skulu gilda til 12. desember

2023. Þær skulu endurnýjaðar, eða breytt eins og þurfa þykir, ef að ráðið telur að markmiðum þeirra hafi ekki verið náð.;

(2) Viðauka II er skipt út yfir textann í viðauka við ákvörðun þessa.

VIDAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/2412/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list

FYLGISKJAL 2.23.**Fylgiskjal 2.23.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/1009**

frá 27. júní 2022

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1183/2005 varðandi þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

Viðauka Ia við reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er breytt eins og í viðauka við reglugerð þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/1009/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list**FYLGISKJAL 2.24.****Fylgiskjal 2.24.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/2237**

frá 14. nóvember 2022

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 varðandi þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ	EVROPUSAMBANDSINS	HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr., með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2241 frá 14. nóvember 2022 um breytingu á ákvörðun 2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó(1). með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,		
og að teknu tilliti til eftirfarandi:		
1) Með reglugerð (EB) nr. 1183/2005(2) kemur ákvörðun 2010/788/SSUÖ(3) til framkvæmda og þar er kveðið á um tiltekna aðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta gegn vopnasölubanninu að því er varðar Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, þ.m.t. frystingu eigna þeirra.		
2) Með ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2641 (2022) breyttust viðmiðanir vegna tilgreiningar aðila og rekstrareininga sem þær þvingunaraðgerðir, sem settar eru fram í 9. og 11. lið ályktunar öryggisráðs SP nr. 1807 (2008), taka til, auk gildissviðs skyldu um að tilkynna framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir, sem var komið á fót samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004) („framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“) um sendingar á vopnum og tengdum hergögnum til Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó eða veitingu tækniaðstoðar, fjármögnunar, miðlunarþjónustu og annarrar þjónustu, sem tengist herstarfsemi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/2241 kemur ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 2641 (2022) til framkvæmda.		
3) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda ákvörðun (SSUÖ) 2022/2241 í framkvæmd, einkum til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.		

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1183/2005 til samræmis við það.
SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 1. gr. a kemur eftirfarandi:

„2. Tilkynna skal fyrir fram veitta tækniaðstoð, fjármagn eða fjárhagsaðstoð eða miðlunarþjónustu að því er varðar hermál til óopinbers eða annars aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, eða sem nota á í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, aðra en þá sem er veitt sendisveit Sameinuðu þjóðanna um stöðugleika í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó („MONUSCO“) eða svæðisbundinni aðgerðasveit Afrikusambandsins (e. African Union Regional Task Force), eða varðandi óbanvænan herbúnað sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskyni í samræmi við 1. mgr. 1. gr. b, til nefndar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót skv. 8. lið ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1533 (2004) (hér á eftir nefnd „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“). Í þessum tilkynningum komi fram öll viðeigandi vitneskja, þ.m.t., eftir því sem við á, um endanlegan notanda, fyrirhugaðan afhendingardag og ferðaáætlun sendingar.“

2) Í stað b-liðar 1. mgr. 1. gr. b kemur eftirfarandi:

„b) tækniaðstoð, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, eða miðlunarþjónusta sem tengist óbanvænum herbúnaði sem einungis er til nota í mannúðar- eða verndarskyni.“

3) Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 2. gr. a:

„k) taka þátt í framleiðslu eða notkun á heimatilbúnum sprengjubúnaði í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, eða fremja, skipuleggja, skipa fyrir um, aðstoða við, hvetja til eða hjálpa á annan hátt við árásir með heimatilbúnum sprengjubúnaði í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2022.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(1) Stjtið. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 15.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

(Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1).

(3) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).

FYLGISKJAL 2.25.

Fylgiskjal 2.25.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/2373

frá 5. desember 2022

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 varðandi þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,
með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2377 frá 5. desember 2022 um breytingu á ákvörðun
2010/788/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó(1),
með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og
framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005(2) kemur ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ(3) til framkvæmda
og þar er kveðið á um tiltekna aðgerðir sem beint er gegn aðilum sem brjóta gegn vopnasölubanninu
varðandi Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, þ.m.t. frystingu eigna þeirra.
 - 2) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/2377 eru viðmiðanir vegna sjálfstæðrar skráningar Evrópusambandsins rýmkaðar.
 - 3) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að koma í framkvæmd ákvörðun (SSUÖ)
2022/2377, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti henni með samræmdum
hætti.
 - 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1183/2005 til samræmis við það.
- SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 2. gr. b komi eftirfarandi:
„1. Inn í I. viðauka a skal fella einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint
vegna einhvers af eftirtöldu:
a) koma í veg fyrir friðsamlega lausn sem samkomulag ríkir um vegna kosninga í Lýðstjórnarlýðveldinu
Kongó, þ.m.t. með ofbeldisverkum, bælingu eða með því að hvetja til ofbeldis eða með því að grafa
undan réttarríkinu,
b) að skipuleggi, stjórnari eða fremji verknaði sem teljast vera alvarleg mannréttindabrot eða misbeiting í
Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó,
c) bera ábyrgð á því að viðhalda vopnuðum átökum, óstöðugleika eða óöryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu
Kongó,
d) styðja einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í c-lið,
e) hvetja til ofbeldis í tengslum við aðgerðir sem um getur í b-, c- og d-lið,
f) færa sér í nyt vopnuð átök, óstöðugleika eða óöryggi í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, m.a. með
ólögmætri nýtingu eða viðskiptum með náttúruauðlindir og villtar lífverur,
g) tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a-, b-, c-, d-, eeða f-lið.“
- 2) Í stað fyrirsagnarinnar í I. viðauka a kemur eftirfarandi:
“Skrá yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir er um getur í 2. gr. b“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2022.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
M. KUPKA

(1) Stjtið. ESB L 314, 6.12.2022, bls. 97.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1).

(3) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).

FYLGISKJAL 2.27.

Fylgiskjal 2.27.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/2401

frá 8. desember 2022

um framkvæmd 9. gr. í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 varðandi þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

Viðauka Ia við reglugerð (EB) nr. 1183/2005 er skipt út fyrir textann sem er í viðauka við reglugerð þessa.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/2401/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictivemeasures-sanctions_en#list.

FYLGISKJAL 1.26.

Fylgiskjal 1.26.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/726

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

RÁÐ				EVRÓPUSAMBANDSINS			HEFUR,	
með	hliðsjón	af	sáttmálanum	um	Evrópusambandið,	einkum	29.	gr.,
með	hliðsjón	af	tillögu frá	æðsta	fulltrúa	Sambandsins	í	utanríkis- og öryggismálum,
og	að	teknu	tilliti	til	eftirfarandi:			
1) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022) sem vísar til fyrri ályktana um að leggja á refsiaðgerðir til að bregðast við ógnum við frið og öryggi á alþjóðavettvangi og leggur áherslu á að ráðstafanir sem aðildarríki SP grípa til, í því skyni að framkvæma refsiaðgerðir, fari að skuldbindingum þeirra samkvæmt alþjóðalögum og að þeim sé ekki ætlað að hafa neikvæð mannúðaráhrif á óbreytta borgara eða á mannúðaraðstoð eða þau sem veita hana.								
2) Þar sem það lýsir sig reiðubúið til að endurskoða, leiðrétta og slíta, ef við á, refsiaðgerðum, sem taka tillit til þess hvernig aðstæður á jörðu niðri þróast og þess að nauðsynlegt er að lágmarka óráðgerð neikvæð áhrif á mannúðarmál, ákvað öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) að útvegum, vinnsla eða greiðsla fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks sé heimil og brjóti ekki gegn frystingu eigna sem lögð er á af öryggisráðinu eða framkvæmdanefndum um þvingunaraðgerðir. Í þessari ákvörðun er 1. mgr. ályktunar								

3) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna gildi um refsiaðgerð 1267/1989/2253 vegna Íslamska ríkisins (Da'esh) og AlQaida-samtakanna í tvö ár frá þeim degi þegar ályktun nr. 2664 (2022) var samþykkt og því lýst yfir að öryggisráðið hyggist taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.

4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.

5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegar notkunar, fyrir tilgreinda einstaklinga eða rekstrareiningar, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakönnunar.

6) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.

7) Því er nauðsynlegt að breyta ákvörðunum ráðsins 2010/413/SSUÖ(1), 2010/788/SSUÖ(2), 2014/450/SSUÖ(3), (SSUÖ) 2015/740(4), (SSUÖ) 2015/1333(5), (SSUÖ) 2016/849(6), (SSUÖ) 2016/1693(7) og (SSUÖ) 2017/1775(8).

8) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun	2010/788/SSUÖ	er	breytt	sem	hér	segir:
1)	Eftirfarandi	málsgrein	bætist	við	í	5. gr.:
„10. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna, annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:						
a)	Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,					
b)						alþjóðastofnana,
c)	stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,					
d)	frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,					
e)	starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða					
f)	annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar að því er varðar aðila og rekstrareiningar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og ráðið að því er varðar aðila og rekstraraðila sem um getur í 2. mgr. 3. gr.“					
2)	Eftirfarandi kemur í stað 7. mgr. 5. gr.:					
„7. Með fyrirvara um ákvæði 10. mgr. 5. gr., að því er varðar aðila og rekstrareiningar sem eru á skrá í II. viðauka má einnig gera undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem eru nauðsynleg í mannúðarskyni, t.d. til þess að veita eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn og matvæli, eða						

vegna flutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengdrar aðstoðar eða vegna brottflutnings frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,
forseti.
J. ROSWALL

- (1) Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39).
- (2) Ákvörðun ráðsins 2010/788/SSUÖ frá 20. desember 2010 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsinsí Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 30).
- (3) Ákvörðun ráðsins 2014/450/SSUÖ frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2011/423/SSUÖ (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 106).
- (4) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/740 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Suður-Súdan og niðurfellingu ákvörðunar 2014/449/SSUÖ (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 52).
- (5) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ (Stjtið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34).
- (6) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/849 frá 27. maí 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu ákvörðunar 2013/183/SSUÖ (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2016, bls. 79).
- (7) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da‘esh) og Al-Qaidasamtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25).
- (8) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1775 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 23).

FYLGISKJAL 2.28.

Fylgiskjal 2.28.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/720

frá 31. mars 2023

um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum

RÁÐ		EVRÓPUSAMBANDSINS			HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr., með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn					Evrópusambandsins,
og	að	teknu	tilliti	til	eftirfarandi:
1) Evrópusambandið getur beint þvingunaraðgerðum, þ.m.t. frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, gegn tilgreindum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum. Reglugerðir ráðsins koma þessum aðgerðum til framkvæmda.					
2) Hinn 9. desember 2022 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2664 (2022). Með 1. mgr. þeirrar ályktunar er innleidd undanþága frá refsiaðgerðum í formi frystingar eigna, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir beita vegna mannúðaráðstoðar og annarrar starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks, sem gildir um tiltekna aðila. Í þessari reglugerð er 1. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) nefnd „undanþága af mannúðarástæðum“.					

- 3) Hinn 31. mars 2023 var ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/726 (1) samþykkt til að koma ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) til framkvæmda í lögum Sambandsins.
- 4) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er áhersla lögð á að ef undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna stangast á við fyrri ályktanir skuli hún koma í stað slíkra fyrri ályktana að því marki sem um slíkan árekstur er að ræða. Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þó skýrt að 1. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2615 (2021) gildir áfram.
- 5) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er þess krafist að veitendur sem reiða sig á undanþágu af mannúðarástæðum geri eðlilegar ráðstafanir til að lágmarka hvers kyns ávinning sem er bannaður samkvæmt refsiaðgerðum, hvort sem er vegna beinnar eða óbeinnar veitingar eða ólöglegrar notkunar, fyrir einstaklinga eða rekstrareiningar sem eru á skrá samkvæmt viðkomandi reglugerð, þ.m.t. með því að styrkja áætlanir og ferli veitenda vegna áhættustjórnunar og áreiðanleikakannana.
- 6) Í ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) er gerð krafa um að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna gildi um refsiaðgerð 1267/1989/2253 vegna Íslamska ríkisins (Da'esh) og AlQaida-samtakanna í tvö ár frá þeim degi þegar ályktun nr. 2664 (2022) var samþykkt og því lýst yfir að öryggisráðið hyggist taka ákvörðun um framlengingu á beitingu ályktunar nr. 2664 (2022) fyrir þann dag þegar beiting þeirrar undanþágu myndi að öðrum kosti falla úr gildi.
- 7) Ráðið telur að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) ætti einnig að gilda í tilvikum þar sem Sambandið ákveður að samþykkja viðbótaraðgerðir varðandi frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, auk þeirra sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndir þess um þvingunaraðgerðir ákveða.
- 8) Breytingarnar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 9) Því ætti að breyta reglugerðum ráðsins (EB) nr. 881/2002(2), (EB) nr. 1183/2005(3), (ESB) nr. 267/2012(4), (ESB) nr. 747/2014(5), (ESB) 2015/735(6), (ESB) 2016/1686(7), (ESB) 2016/44(8), (ESB) 2017/1509(9) og (ESB) 2017/1770(10) til samræmis við það.
- SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

1. gr.

Reglugerð	(EB)	nr.	1183/2005	er	breytt	sem	hér	segir:
1)	Eftirfarandi	málgrein	bætist	við	í	2.	gr.:	
„3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:								
a) Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. áætlana þeirra, fjármuna og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,								
b) alþjóðastofnana,								
c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og aðila að þessum mannúðarstofnunum,								
d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum Sameinuðu þjóðanna um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum vegna flóttafólks, öðrum áköllum Sameinuðu þjóðanna eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum samhfir,								
e) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til d-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum eða								
f) annarra viðeigandi aðila eins og framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir ákvarðar að því er varðar I. viðauka og ráðið að því er varðar I. viðauka a.“								
2)	Í	stað	4.	gr.	b	kemur	eftirfarandi:	
„4. gr. b								
1. Með fyrirvara um 3. mgr. 2. gr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyrir einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum								

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um heimildir sem eru veittar samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að heimild er veitt.“

3) Í stað 7. gr. b kemur eftirfarandi:

„7. gr. b

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þær aðgerðir er um getur í 1. gr. a og 1. og 2. mgr. 2. gr. eru sniðgengnar.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

(1) Stjtið. ESB L 94, 3.4.2023, bls. 48.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 881/2002 frá 27. maí 2002 sem leggur á tiltekna, sérstakar, takmarkandi ráðstafanir sem beint er að tilteknum einstaklingum og aðilum sem tengjast Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum (Stjtið. EB L 139, 29.5.2002, bls. 9).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1183/2005 frá 18. júlí 2005 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Stjtið. ESB L 193, 23.7.2005, bls. 1).

(4) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1).

(5) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 747/2014 frá 10. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Súdan og niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 131/2004 og (EB) nr. 1184/2005 (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 1).

(6) Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/735 frá 7. maí 2015 um þvingunaraðgerðir að því er varðar Suður-Súdan og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 748/2014 (Stjtið. ESB L 117, 8.5.2015, bls. 13).

(7) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/1686 frá 20. september 2016 um viðbótarþvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og AlQaida-samtökunum og einstaklingum og lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem þeim tengjast (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 1).

(8) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/44 frá 18. janúar 2016 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 204/2011 (Stjtið. ESB L 12, 19.1.2016, bls. 1).

(9) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1509 frá 30. ágúst 2017 um þvingunaraðgerðir gegn Alþýðulýðveldinu Kóreu og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 329/2007 (Stjtið. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 1).

(10) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1770 frá 28. september 2017 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Malí (Stjtið. ESB L 251, 29.9.2017, bls. 1)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.